



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 7. október 2021
2109099HS SG

Efni: Akstursíþróttasvæði - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu

Þann 28. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir akstursíþróttasvæði í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða breytingu á skilgreiningu landnotkunar úr skógræktarsvæði í íþróttasvæði þannig að skógræktarsvæðið verði minnkað um 25 ha og breytt í íþróttasvæði. Svæðið verði tímabundið notað sem efnislosunarsvæði til landmótunar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka en bendir á að landmótun er starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. X. viðauka með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri